

Athugasemd þessi birtist í Fréttablaðinu þriðjudaginn 2. október 2018. Hún er send allsherjar- og menntamálanefnd lítið breytt sem umsögn um 9. mál, lagafrumvarp, 149. löggjafarþing 2018–2019.

Kveðja,
Sigurður Konráðsson prófessor í íslenski málfræði
formaður mannanafnanefndar

Mannanöfn

Mitt í haustönnum venjulegs fólks var frumvarp um mannanöfn lagt fram á Alþingi (9. mál, lagafrumvarp, 149. löggjafarþing 2018–2019). Heldur lítið fór fyrir því enda var frumvarpið afar svipað útgáfunni frá síðasta ári. Frumvarpið er örstutt en einn glundroði. Finnst mörgum sem kjarni málsins væri afræktur. Sá kjarni er í fyrsta lagi lög og samþykktir Alþingis og í öðru lagi vægi mannanafna í málsamfélagi.

Skuldbindingar Alþingis

Á undanförunum árum hafa margs konar lög verið afgreidd frá Alþingi þar sem íslenskt mál og táknmál koma við sögu. Má þar nefna lög um íslenska tungu og ýmis lög um skóla sem annaðhvort eru reknir af sveitarfélögum eða ríki. Þá eru til lög um örnefni og um ljósvakamiðla. Alþingi á sér málstefnu sem birtist í miklu plaggi sem nefnist Íslenska til alls. Málstefna er einnig til í fjölmörgum skólum og fyrirtækjum. Loks hefur Alþingi úthlutað nokkru fé til þess að vernda íslenska tungu í stafrænum heimi. Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti svo á dögumum aðgerðir til styrkja stöðu íslenskrar tungu með fjárveitingum til bókaútgáfu og fjölmiðla og boðaði jafnframt þingsályktunartillögu nú í haust í 22 liðum um íslensku sem þjóðtungu og opinbert mál á Íslandi.

Alþingi hefur sýnt eftirtektarverðan vilja til þess að íslenskt mál verði enn um sinn þjóðtunga Íslendinga.

Rök gegn frumvarpi um mannanöfn

Mannanöfn kunna við fyrstu sýn að þykja heldur léttvæg þegar rætt er um þjóðtungu Íslendinga og tilraunir til þess lengja í henni lífið. Svo er þó ekki. Sennilega er enginn einn þáttur mikilvægari.

- Mannanöfn eru hluti af íslensku málkerfi. Þau eru nafnorð sem taka mismunandi beygingu, oft sérstakri beygingu og styrkja þannig fjölbreytileika beygingarkerfisins. Yfirleitt eru þau aðeins notuð í eintölu.
- Mannanöfn eru rúmlega tíunda hvert nafnorð í rituðum texta.
- Mannanöfn styrkja merkingargrundvöll tungunnar með því að fólk veltir fyrir merkingu eigin nafns og annarra.
- Mannanöfn styrkja hugleiðingar um uppruna orða og sögu þeirra.
- Mannanöfn gegna viðamiklu hlutverki í bókmenntum þjóðarinnar, náttúrufræði og sagnfræði.
- Mannanöfn eru veigamikill hluti af samhengi í íslensku máli.

Alþingismenn mega hafa þessi atriði í huga þegar þeir greiða atkvæði um frumvarpið. Þeir mættu einnig minnast þess að lög um mannanöfn eru regla en ekki undantekning þegar litið er til ríkja veraldar og eru ekki alls staðar silkihanskar dregnir á hönd þegar kemur að framkvæmd laganna. Loks mættu þeir íhuga hvort hin venjulegu Jón og Guðrún kærðu sig um að skiptast á nöfnum, hvort þau sæktust eftir því að skaftfellskur nágranni þeirra hétí Ω eða börnin Ω og $e=mc^2$.

Sigurður Konráðsson prófessor í íslenskri málfræði
formaður mannanafnanefndar